

bænda
FERÐIR

Hetjur í heiðarlöndum & hjarta Skotlands



6. – 10. september 2025
Fararstjórn: Gísli Einarsson

Sérhópur
Skotland

Ferðalýsing

Í þessari spennandi ferð til Skotlands munum við eflaust finna einhverjar tengingar við þessa grannþjóð okkar í suðri enda erum við Íslendingar miklir keltar undir norræna Víkinga-húddinu. Flogið er til Glasgow, stærstu borgar Skotlands, en Edinborg er höfuðborgin og við munum njóta þess að dvelja þar og fara í dagsferðir um sveitir í nærliggjandi héruðum. Borgin Stirling og nágrenni, sem markar mót lágaland Skotlands og hálandanna, er gjarnan álitid hjarta Skotlands bæði í sögulegum og landfræðilegum skilningi. Þar voru helstu bargdagar háðir í frelsisbaráttu Skotlands og kastalinn í Stirling var uppáhalds dvalarstaður skoska aðalsins. Við komum að stærsta stöðuvatni Skotlands Loch Lomond, en margir telja að umhverfi vatnsins og þjóðgarður Trossachs héraðs í heild endurspegli feegurð Skotlands, en þar er fjölbreytt landslag vatna, skóga og fjalla. Hér koma víkingar við sögu, en þeir ferðuðust eftir árminni Clyde og upp á Leven til að komast að Loch Lomond og ræna þar og rupla. Þeir drógu einnig skip sín yfir heiðarnar frá Loch Long til að komast að vatninu. Við heimsækjum viskíbruggverksmiðju í nágrenni vatnsins og kynnumst menningu Skota í mat, drykk og dansi á veitingastað í Edinborg. Í þessari frábæru ferð njótum við þess að dvelja í hinni söguríku höfuðborg Skotlands og ferðumst um slóðir víkinga og kelta í nærliggjandi sveitum.

5 dagar | 4 nætur í Edinborg



6. september | Flug til Glasgow & Edinborg



dags, frjáls tími til að rölja og skoða sig um. Kvöldverður á eigin vegum.

Brottför frá Keflavík kl. 10:10 með flugi Icelandair til Glasgow. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Glasgow kl. 13:25 að staðartíma. Höldum því næst áfram til Edinborgar þar sem gist verður á hóteli við Royal Mile í fjórar nætur. Engin dagskrá það sem eftir lifir

7. september | Loch Lomond, víkingar & viský brugghús



Í dag er stefnan tekin að stærsta stöðuvatni Skotlands, Loch Lomond, og þjóðgarðinn sem kenndur er við vatnið og Trossachs vatnahéruðin. Hér erum við stödd á mörkum hálanda og láglanda Skotlands. Við öikum meðfram vatninu alla leið til Tarbet. Þangað drógu víkingar skip sín, á höndum sér, yfir heiðina frá Arrochar til að þeir gætu siglt eftir Loch Lomond og ruplað og rænt bæi og sveitir allt um kring. Í keltneska konungsríkinu

Strathclyde var mikil velsæld og þess vegna eftir miklu að slægjast. Við höldum næst til bæjarins Luss þar sem víkingarnir létu greipar sópa á sínum tíma. Í kirkjugarðinum við kirkjuna í Luss sjáum við Highbach rúnasteinininn sem er frá tímum víkinga. Við tökum stutta göngu um bæinn og stöldrum aðeins við í þessum fallega bæ. Frá Luss liggur leiðin að suðurenda vatnsins til Balloch þar sem færi gefst til að fá sér hádegisverð og skoða sig um. Í eftirmiðdaginn komum við í viskí brugghús sem hefur starfað síðan 1833. Ekkert annað brugghús í Skotlandi gefur viskíinu lengri tíma til að þroskast og það er þeirra sérkenni. Við fáum að skoða og kynnst framleiðslunni og auðvitað verður smakkað á afurðum í þessari skemmtilegu heimsókn. Eftir góðan og líflegan dag höldum við aftur til Edingborgar. Kvöldverður á eigin vegum.



8. september | Skoðunarferð um Edinborg & skoskt kvöld



Við förum í gönguferð um Edinborg þar sem við skoðum helstu kennileiti. Meðal annars verður gengið um Grass Market og farið í Grayfriars kirkjugarðinn. Við förum að Edingborgarkastala og þaðan eftir Royal Mile að þinghúsinu og Holyrod höllinni. Á leiðinni heyrum við ýmsar sögur sem tengjast borginni og þekktum íbúum hennar. Gönguferðinni lýkur svo á

Princess Street þar sem krökkt er af verslunum og veitingahúsum og stutt í ýmislegt annað áhugavert. Eftir gönguna er fjáls tími til að kynnst Edingborg nánar. Það má meðal annars mæla með því að heimsækja Skoska Þjóðminjasafnið, skoða Edingborgarkastala og krúnudjásnin sem þar eru geymd eða njóta mannlífsins í lystigarðinum við Princess street. Skemmtun með mat, drykk, tónlist og dansi bíður okkar svo um kvöldið.

9. september | Stirling – kóngafólk, kastalar & frelsishetjur

Við tökum daginn snemma í dag og ökum fyrst að Almond dalbrúnni, (Viaduct) sem er lengsta járnbrautarbrú Skotlands með 26 bogum. Síðan komum við að Helixgarðinum þar sem við sjáum The Kelpies, sem eru stærstu hestaskúlptúrar heims. Kelpis eru þjóðsagnarverur, sambærilegar við hina íslensku Nykra. Við ökum í gegnum Falkirk og stoppum hjá Falkirk hjólinu, skipalyftunni, hinni einu sinnar tegundar í heiminum sem þykir hvað mesta verkfræðiaftek Skota. Við ökum til Stirling og snæðum þar hádegisverð. Eftir matinn gerum við okkur ferð í kastalann í Stirling en hann stendur á mótum hálanda og láglanda Skotlands og hefur því í gegnum aldirnar verið mikilvægur í baráttu landsins fyrir sjálfstæði. Stirling kastali var eitt uppáhalds aðsetur skoskra konunga, einkum Stewart ættarveldisins, og þess má geta að María Skotadrottning var krýnd í kastalanum tæplega eins árs að aldri árið 1542. Við stöldrum einnig við minnismerki frelsishetjunnar William Wallace, en það stendur á Abbey Craig hæð. Leið okkar liggur síðan aftur til Edingborgar. Kvöldverður á eigin vegum.



10. september | Heimferðardagur



Eftir síðasta skoska morgunverðinn okkar er komið að heimferð. Við öikum sem leið liggur til flugvallarins, en brottför frá Glasgow flugvelli er kl. 14:20 og lent verður í Keflavík kl. 15:45 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

329.900 kr. á mann í tvíbýli | 128.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður alla morgna.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Aðgangur, kynning og viskí smökkun
- ✓ Skoskur kvöldverður
- ✓ Aðgangur að Stirling kastala
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Kvöldverðir aðrir en þeir sem taldir eru upp undir innifalið.
- ✓ Þjóf fé.

